

Framboð til kirkjuþings

Guðni Halldórsson

3. kjördæmi Kjalarnesprófastsdæmi

Ég er sveitapiltur ofan af Mýrum, fermdur á Borg. Starfaði um árabíl sem lögfræðingur og ráðgjafi við kaup og sölu fyrir-tækja en hef undanfarin misseri stundað nám í guðfræði við Háskóla Íslands. Ég er giftur Kristjönu Þórarinsdóttur sálfræðingi. Saman eigum við fjögur börn auk þess sem við höfum tekið að okkur þrjú fósturbörn sem búa hjá okkur á Skrauthólum á Kjalarnesi.

Ég bý yfir mikilli og víðtækri reynslu þegar kemur að félagsstörfum atvinnurekstri og fyrirtækjaviðskiptum. Forsenda velgengni á þeim sviðum tel ég felast í framúrskarandi samskiptahæfileikum, samningalipurð, útsjónarsemi, þolinmæði og góðum skilning á viðfangsefninu.

Ég tel mig njóta trausts og virðingar, bæði í störfum og félagsstörfum þar sem ég hef verið valinn til forystu í stórum íþróttasamtökum en ég var um árabíl formaður Landssambands hestamannafélaga sem er fjórða fjölmennasta sérsamband innan ÍSÍ með yfir 12.000 félagsmenn.

Við fjölskyldan stundum hestamennsku af kappi ásamt því að vera virk í félagsstarfi hestafólks. Ég hef söng að áhugamáli og hef á undanförunum árum sungið í Karlakór Kjalnesinga og Kirkjukór Reynivallaprestakalls þar sem ég var formaður í áraraðir. Við fjölskyldan höfum gaman af ferðalögum og reynum að ferðast sem mest. Einnig erum við hjónin mikið áhugafólk um mat og matargerð.

Ég tel mikilvægt að á Kirkjuþingi sitji einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu sem nýtist til þess að efla starf Þjóðkirkjunnar jafnt á trúarlegum, fjárhagslegum og skipulagslegum grunni. Mikilvægast er þó að á Kirkjuþingi sitji fólk sem brennur fyrir málefnum og er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að taka Kirkjuna áfram til móts við nýja tíma.

Ég tel að þekking mín úr viðskiptalífnum, lögfræði- og guðfræðipekking sem og reynsla af félagsstörfum ásamt góðum samskipta- og skipulagshæfileikum muni nýtast mér vel á Kirkjuþingi og býð fram krafta mína í þágu Þjóðkirkjunnar með setu á Kirkjuþingi.

